

Ed.

376. Frumvarp til laga

[182. mál]

um saltverksmiðju á Reykjanesi.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með saltverksmiðju er í lögum þessum átt við iðjuver til vinnslu á salti (natríumklóríði) fyrir innlandan og erlendan markað, og hagnýtingar á efnunum, sem til falla við þá vinnslu.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Hlutafélaginu skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takist á hendur að fullbyggja verksmiðjuna og annast rekstur hennar til frambúðar. Ber jafnframt að stefna að því, að hlutafélagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn frá þeim, er við starfsemi tekur með hlut í vinnslufyrirtækinu eða á annan hátt.

Slíta skal hlutafélaginu, þegar hlutverki þess samkvæmt 1. gr. er lokið, nema Alþingi heimili framhald á starfsemi þess í öðrum tilgangi.

Óheimilt skal að framselja árangurinn af starfsemi hlutafélagsins til annarra en íslenskra aðila nema samþykki Alþingis komi til.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé allt að 60 milljónum króna, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að leggja fram til félagsins mannvirki og undirbúningsrannsóknir, sem að hefur verið unnið á kostnað ríkissjóðs, þegar félagið tekur til starfa. Verði hvort tveggja metið við kostnaðarverði og teljist til hlutafjárframlags ríkissjóðs.
3. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánunum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 100 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
4. Að veita félaginu heimildir til hagnýtingar á jarðhitaréttindum og vinnsluréttindum á Reykjanesi í eigu ríkisins í þágu athugana og aðgerða samkvæmt 3. gr., þar á meðal starfrækslu á tilraunverksmiðju, með eða án sérstaks endurgjalds.
5. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni, búnaði og vélum, sem félagið flytur inn til framkvæmda samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Ríkissjóður og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 3. málslíðar 2. málsgreinar, 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málslíðar sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn. Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags samkvæmt 1. gr. skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra. Iðnaðarráðherra skipar formann stjórnar.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

7. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir á þess vegum og skal starfsgrundvöllur saltverksmiðjunnar á Reykjanesi miðaður við, að fyrirtækið fullnægi einnig því skilyrði.

Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu vera í samræmi við nágildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess, sbr. þó 6. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er verið að hrinda af stað lokaáfangu undirbúnings að sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Undirbúningsrannsóknir vegna þessa máls hafa staðið yfir nokkuð samfellt frá árinu 1966, þegar Rannsóknaráð ríkisins ákvað að heita sér fyrir athugunum á þessu máli. Áður höfðu þó nokkrar byrjunarathuganir á saltvinnslu verið gerðar á vegum Raforkumálaskrifstofunnar (nú Orkustofnun), en aðallega í sambandi við önnur jarðhitasvæði en Reykjanes.

Fyrsta athugunin, sem Rannsóknaráð ríkisins lét gera var almennt yfirlit um möguleika til framleiðslu salts og annarra efna úr jarðhitaleginum á Reykjanesi og úr sjó og skeljasandi. Á þeim grundvelli voru lagðar fram tillögur um nánari rannsóknir á einstökum þáttum. Á árinu 1968 hófust boranir og jarðfræðilegar rannsóknir á Reykjanesi, sem stóðu yfir allt fram á árið 1970, að boruð var um 1800 metra djúp hola, sem gaf svo góðan árangur, að hinar jarðfræðilegu forsendur saltverksmiðjunnar eru nú taldar traustar.

Jafnframt þessum jarðfræðilegu athugunum hafa verið gerðar tæknilegar tilraunir og áætlanir um stofnkostnað og rekstur fyrirtækja, sem geta hagnýtt sér ofangreindar auðlindir og framleitt ýmiss konar efni þar úr. Þeim fyrirtækjum, sem hugsanlega gætu risið upp á þessum grundvelli, hefur verið gefið samheitið „Sjóefnavinnsla“. Með hugtakinu sjóefnavinnsla er þannig átt við fjölpætta vinnslu úr sjó og heitum, söltum hveralegi frá jarðhitasvæðinu á Reykjanesi. Fram að þessu hafa athuganir aðallega beinst að tveim stigum vinnslunnar, þ.e. í fyrsta lagi vinnslu salts og nokkurra aukaefna (kalsíum klóríði, kalí klóríði og brómi) úr jarðsjó, og í öðru lagi magnesíumvinnslu, sem að hluta byggist á saltvinnslunni. Aðalfrumkvöðull þessa máls hefur verið Baldur Línadal, efnaverkfræðingur, sem unnið hefur stöðugt að þessum málum á vegum Rannsóknaráðs ríkisins.

Haustið 1972 skilaði Rannsóknaráð ríkisins skýrslu til ríkisstjórnarinnar um fyrsta stig vinnslunnar, saltverksmiðju á Reykjanesi, með áætlun um stofnkostnað og rekstur, sem benti til þess, að starfsemi verksmiðjunnar gæli orðið arðbær.

Þegar ríkisstjórnin hafði tekið við skýrslunni um saltverksmiðju fól þáverandi iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen og Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar að gera könnun á rekstrargrundvelli saltverksmiðjunnar. Fékk verkfræðiskrifstofa Sigurðar Thoroddsen sér til fulltingis bandarískt verkfræðifyrirtæki, D. S. S. Engineering, til að kanna málið. Skýrslur frá verkfræðistofunum bárust í ágúst 1973, en þá hófst athugun Hagrannsóknadeildar, sem byggðist á niðurstöðum verkfræðistofanna um hinar tæknilegu forsendur. Endanleg umsögn Hagrannsóknadeildar var svo lögð fram í febrúar 1974 og skömmu síðar gaf iðnaðarráðuneytið út yfirlitsskýrslu um málið. Umsagnir voru jákvæðar og áætluð arðsemi fyrirtækisins talinn öllu betri en niðurstöður Rannsóknaráðs höfðu gefið til kynna.

Lagði síðan sérstök nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins, Iðnþróunarnefnd, fram tillögur um meðferð málsins og áætlun um kostnað við nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir. Þær tillögur voru sendar ráðuneytinu í apríl 1974 og var þar m. a. lagt til að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað yrði falið að athuga með möguleika á fjármögnun og eignarformi verksmiðjunnar. Jafnframt var á vegum nefndarinnar aflað nokkurra upplýsinga um markaðshorfur og haft samband við erlend fyrirtæki, sem hugsanlega gátu haft áhuga á viðskiptalegum tengslum í sambandi við byggingu og rekstur verksmiðjunnar, t. d. kaup á hluta afurða hennar.

Eimar og önnur tæki verksmiðjunnar verða að sjálfsögðu að hannast með sérstöku tilliti til eiginleika jarðhitalagarins og jarðgufunnar á Reykjanesi. Þótt gerðar hafi verið nokkrar rannsóknir á útfellingu og tæringu í litlum tilraunatækjum, sem Rannsóknaráð lét starfrækja á Reykjanesi um tíma, verður að gera töluvert viðtækari tilraunir áður en forsendur fyrir hönnun endanlegrar verksmiðju eru öruggar. Því er lagt til að reist verði og rekin lítil tilraunaverksmiðja á Reykjanesi.

Iðnaðarráðuneytið fól viðræðunefnd um orkufrekan iðnað frekari umfjöllun málsins og að gera tillögur um hvernig staðið skyldi að undirbúningsframkvæmdum og þær fjármagnaðar, svo og hvernig tryggð yrðu tengsl við endanlegt rekstrarfyrirtæki. Nefndin um orkufrekan iðnað skilaði síðan álit og drögum að frumvarpi til iðnaðarráðuneytisins, þar sem lagt er til að umrætt undirbúningsfyrirtæki verði stofnað.

Málið hefur síðan verið til athugunar í iðnaðarráðuneytinu og hjá ríkisstjórninni.

Verkfræðistofa Baldurs Línal hefur gert áætlun um kostnað við byggingu og rekstur tilraunaverksmiðju og er áætlunin dagsett 2. febrúar 1976. Heildarkostnaður skv. áætluninni er 137,6 millj. króna, en auk þess kemur til vaxta- og stjórnunar-kostnaður auk kostnaðar vegna markaðsathugana og viðræðna við erlenda aðila, sem er áætlaður um 22,4 milljónir króna. Áætlaður heildarkostnaður vegna undirbúningsfélagsins er þannig um 160 milljónir króna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er heimilað að stofna hlutafélag með aðild ríkissjóðs í þeim tilgangi að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót. Í 2. málsg. er skilgreint nokkru nánar, hvaða starfssvið mætti ætla fyrirtækinu.

Um 2. gr.

Ríkisstjórninni er ætlað að hafa forustu um myndum undirbúningsfélags, og verður henni jafnframt heimilt að kveðja hvers konar aðila, einstaklinga, félög eða stofnanir, til samvinnu í því efni.

Um 3. gr.

Til þess er ætlast, að undirbúningsfélagið geti tekist á hendur hvaðeina, sem fallið er til að stuðla að því, að unnt verði að ráðast í byggingu og rekstur vinnslufyrirtækis á því sviði, sem lýst er í 1. gr. Jafnframt er talið eðlilegt að stefna að því, að félagið fái kostnað sinn að fullu endurgoldinn frá vinnslufyrirtækinu og aðilum að því.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að hlutafé undirbúningsfélagsins geti orðið allt að 60 milljónum króna í reiðufé, og er heimild 1. tölul. við það miðuð, að ríkissjóður geti lagt fram allt hlutaféð, ef þörf gerist. Jafnframt verður nauðsynlegt að tryggja félaginu lántökumöguleika á grundvelli ríkisábyrgðar.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi til félagsins þær undirbúningsrannsóknir og mannvirki, sem þegar hefur verið unnið að, og verði það metið við kostnaðarverði og teljist andvirðið til hlutafjárframlags ríkissjóðs.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti veitt félaginu eðlilegar heimildir til öflunar landsréttinda og vinnsluréttinda vegna starfsemi sinnar.

Í 5. tölul. er veitt heimmild til niðurfellingar aðflutningsgjalda og söluskatts í þágu framkvæmda félagsins á svipuðum grundvelli og gert hefur verið um önnur fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið til frumvinnslu náttúruauðæfa. Mundi heimildin m.a. ná til tilraunaverksmiðju á vegum félagsins.

Um 5. gr.

Eðlilegt þykir, með tilliti til aðildar ríkisins að hlutafélaginu og annarra aðstæðna, að ekki séu lagðar hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, né heldur á rétt hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt hlutafé sitt. Á sama hátt er eðlilegt að heimila frávik frá þeim ákvæðum hlutafélagalaga, er fjalla um persónu stofnenda.

Vegna aðildar ríkissjóðs og fjárþarfar hlutafélagsins þykir einnig eðlilegt, að ekki verði greidd stimpilgjöld af hlutabréfum þess.

Um 6. gr.

Í 1. málsg. eru ákvæði um skipun fulltrúa á aðalfund félagsins og aðra hlutahafafundi.

2. málsg. fjallar um skipun og kjör fulltrúa og varamanna í stjórn félagsins og skipun formanns stjórnar félagsins.

Um 7. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar saltverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði. Ber að miða starfsgrundvöll fyrirtækisins við þau sjónarmið samkvæmt þessari grein.

Fara skal eftir núgildandi og síðari lögum og reglugerðum um mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og stöðlum þeim, sem settir eru og kunna að verða settir samkvæmt þeim, um framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun, byggingu og rekstur saltverksmiðjunnar.

Um 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.